

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Akranesi.

*Breyting á deiliskipulagi í klasa 7 og 8.*

Á fundi sveitastjórnar Akraness sem haldinn var þann 14. júlí 2005, var samþykkt deiliskipulagsbreyting í klasa 7 og 8 á Akranesi.

Breytingin felst m.a. í að klasanum er breytt úr fjölbýlis- og raðhúsabyggð í einbýlis- og parhúsalóðir. Innkeyrslur í klasann verða tvær í stað einnar áður. Íbúðir verða 28 og skiptast þannig að tólf íbúðir verða í sex parhúsum og sextán íbúðir í einbýlishúsum. Nýtingarhlutfall lóða 0.35 - 0.50.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var auglýst skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

*Akranesi, 5. október 2005.*

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs,

**Þorvaldur Vestmann.**